

2001040016
6400; 9310

Dalvíkurbyggð
Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson, bæjarstjóri
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 14. maí 2001
/--

Efni: Lagfæring og styrking sjóvarnargarðs á Hauganesi, Dalvíkurbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð lagfæring og styrking sjóvarnargarðs á Hauganesi, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 30. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé lagfæring og styrking sjóvarnargarðs á Hauganesi. Um er að ræða 60 m langan steinsteyptan vegg utan við hafnargarðinn sem brotnað hefur upp úr og hann laskast. Fyrirhugað er að setja grjót að veggnum til styrkingar. Áætlað efnismagn er 600 m³ og verður efnið tekið úr grjótnámu á Árskógssandi í 20 km fjarlægð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fjörusvæði

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt

búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagfæringu og styrkingu sjóvarnargarðs á Hauganesi, Dalvíkurbyggð. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfissáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn er óverulegt og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér enda verði staðið að þeim eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfissáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagfæring og styrking sjóvarnargarðs á Hauganesi, Dalvíkurbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfissáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfissáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, m.s.b. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

